



**CREATIVE  
PERIPHERIES**  
A Network for Europe's Peripheral Artists

# Opið kall-Ísland

## Residensía og samframleiðsla



**Opið fyrir umsóknir**

Föstudagurinn 27. mars 2026

**Umsóknarfrestur**

Föstudagurinn 28. maí 2026,  
kl. 23:59 (UTC-1)

**Tímabil listamannadvalar**

9. nóvember → 9. desember  
2026

Residensía skipulögð og hýst af Tjarnarbiói.

Með-styrkt af Evrópusambandinu í gegnum Creative Europe.



Co-funded by  
the European Union

# Um Creative Peripheries

*Creative Peripheries* er evrópskt samstarfsverkefni samfjármagnað af Creative Europe áætlun ESB. Verkefnið leiðir saman menningarstofnanir á svæðum sem eru landfræðilega einangruð frá meginlandi Evrópu. Þar á meðal eru Théâtre de Macouria (Franska Gvæjana), Tjarnarbió (Ísland) og Cães do Mar (Asoreyjum, Portúgal), í samstarfi við Sorbonne Nouvelle háskólann (Frakkland) sem stýrir verkefninu og vísindalegum hluta þess.

Markmið verkefnisins er að styrkja vistkerfi listsköpunar á þessum svæðum með því að styðja við listræna sköpun, efla svæðisbundið samstarf og þróa tengslanet fagfólks í menningargeiranum sem starfar við aðstæður sem mótast af einangrun.

Sem hluti af verkefninu verða skipulagðar þrjár listamannadvalir á árunum 2026–2027: í Frönsku Gvæjana, á Íslandi og á Asoreyjum. Hver dvöl styður við listamenn á hverju svæði fyrir sig á sama tíma og ýtt er undir miðlun og samstarf við fagfólk á öðrum svæðum verkefnisins.

Auk listamannadvalanna felur verkefnið í sér: þróun og miðlun heimilda; fræðsluefni fyrir starfandi og uppkomandi listamenn í Frönsku Gvæjana, Asoreyjum, Íslandi, Martinique og Kýpur; kynningarviðburði til að auka sýnileika listamanna og hlaðvarpsþætti sem fjalla um áskoranir listsköpunar á afskekktum svæðum Evrópu.

## Listamannadvöl á Íslandi

Markmiðið með dvölinni er að styðja listamenn búsetta á Íslandi með því að veita þeim tíma, fjármagn og faglegan stuðning til að þróa áfram verk í vinnslu eða ljúka nýju sviðslistaverki.

Eitt verkefni verður valið fyrir 30 daga sköpunardvöl, sem getur annað hvort átt sér stað í einu lagi eða verið skipt upp í tvær 15 daga lotur.

Miðlægur hluti dvalarinnar er þátttaka utanaðkomandi fagaðila frá öðru einangruðu svæði (t.d. Asoreyjum, Frönsku Gvæjana, Kýpur eða Martinique). Þessi samstarfsaðili verður valinn í samráði við listræna stjórnendur verkefnisins og dómnefnd, byggt á þörfum verksins, með það að markmiði að auðga sköpunarferlið með miðlun á vinnubrögðum og ólíkum sjónarhornum.

Gert er ráð fyrir að verkefnið leiði af sér fullbúið verk sem er tilbúið til sýningar í lok dvalarinnar.

Tímabilið er frá 9. nóvember til 9. desember 2026.

# Innan þessa ramma bjóða Creative Peripheries og Tjarnarbió upp á



- 30-daga **residencia**, skipulögð og hýst af Tjarnarbiói, þar með talið aðgangur að fullbúnu æfinga- og sýningarrými.
- Meðframleiðslustyrk sem nemur allt að **€8,000**
- Sérniðinn **stuðningur** á sviði listrænnar ráðgjafar, tækni, stefnumótunar ofl.
- Samstarf við listamann eða fagaðila frá öðru svæði sem boðið er til samstarfs í **15 daga**, þar sem ferðakostnaður, gisting og uppihald er greitt.
- Aðstoð við kynningu og presentation opportunities for the work through the **Creative Peripheries** partner network
- **Samskiptastuðningur** (fréttabréf, tilkynningar, kynning í gegnum miðla verkefnisins), ásamt aðstoð við þýðingu á listrænni ferilmöppu (e. artistic dossier) yfir á ensku, sé þess þörf.
- Stuðningur við textun **e. subtitling/surtitling** á verkinu til þess að auðvelda alþjóðlega útbreiðslu þess.
- Að minnsta kosti **tvær opinberar sýningar** á fullbúnu verki í Tjarnarbió sem hluti af leikárinu 2026–2027.
- **Gisting** fyrir listræna teymið meðan á listamannadvölinni (e. residency) stendur getur verið í boði, háð þörfum og framboði.
- Fagleg myndbandsupptaka af sýningunni við lok dvalarinnar til að styðja við kynningu og frekari dreifingu verksins.

Myndbandsupptakan verður gerð aðgengileg á vefsíðu **Creative Peripheries** (sem er í vinnslu). Aðgangur verður takmarkaður við fagaðila, dagskrárstjóra og styrktaraðila til að efla sýnileika verksins á Íslandi sem og erlendis.

Upptakan verður textuð á ensku til að auka aðgengi. Textana má einnig nýta sem leiktexta við sýningar þar sem tungumál verksins er ekki skilið.

# Hæfniskilyrði

- Umsækjandi skal vera búsettur á Íslandi.
- Verkefni verða að falla undir sviðslistir.
- Verkefni verða að vera raunhæf til framkvæmdar innan 30 daga dvalartíma og ljúka með fullbúnu verki í lok dvalarinnar.
- Hámark fimm flytjendur mega vera á sviði í hverju verkefni (mælt er með einum til þremur).

## Sérstök áhersla verður lögð á verkefni sem:

- Eru auðveld í flutningi (auðvelt að túra með) og aðlaganleg að fjölbreyttum aðstæðum og óhefðbundnum sýningarrýmum.
- Eru leidd af upprennandi listafólki (skilgreint sem listafólk með þrjár eða færri atvinnusýningar að baki), sem og listafólki í þróun sem stundar faglega sköpun.
- Eru unnin af listafólki eða hópum sem starfa utan höfuðborgarsvæðisins.

## Val á umsækjendum

Verkefni verða metin af alþjóðlegri dómnefnd sem skipuð er fagmönnum úr röðum samstarfsaðila verkefnisins og boðnum sérfræðingum: Tjarnarbió (Ísland), Théâtre de Macouria (Frönsku Gvæjana), Cães do Mar (Asóreyjar), Centre Culturel de Rencontres Les Coulisses (Martinique), og Center of Performing Arts MITOS (Kýpur), auk þriggja utanaðkomandi sérfræðinga.

Valnefndin verður undir forsæti Sandrine Lessard-Blais, verkefnastjóra og samstarfsstjóra *Creative Peripheries*.

Niðurstöður verða kynntar umsækjendum eigi síðar en **16. júní, 2026**.



# Hvernig á að sækja um?

Opið er fyrir umsóknir frá 27. mars til 28. maí 2026 kl. 23:59 (UTC-2). Umsóknum skal skila eingöngu í gegnum rafrænt eyðublað hér:

<https://forms.gle/Fi1PPKUsXg6gZ2436>

## Nauðsynleg fylgigögn

Umsóknir verða að innihalda eftirfarandi gögn:

- Kynningarskjal um verkefnið.
- Ferilskrár (CV) listræna teymisins (að lágmarki ferilskrá verkefnastjóra).
- Greinargerð (letter of intent) þar sem fram kemur:
  - Núverandi staða verkefnisins (hugmyndastig eða þegar í vinnslu) og lýsing á þeirri vinnu sem þegar hefur farið fram, ef við á.
  - Listræn markmið og áherslur í starfsdvölinni.
  - Sérparfir verkefnisins hvað varðar listrænan, tæknilegan og framleiðslulegan stuðning.
  - Hvers konar utanaðkomandi fagmann teymið óskar eftir að vinna með í starfsdvölinni (sjá kaflann „Artistic Residency in Iceland“). Sá aðili gæti komið frá öðru svæði innan *Creative Peripheries*, í allt að 15 daga. Með rökstuðningi fyrir valinu.

## Viðaukar (e. Additional materials)

Umsækjendum er frjálst að láta eftirfarandi fylgja með ef það er fyrir hendi:

- Sjónrænt efni tengt verkefninu.
- Tækniblað (technical rider).
- Sýnishorn (portfolio) sem sýnir fyrri verk hópsins eða listamannsins
- Uptaka af verkefninu á núverandi stigi.

Við gerum okkur grein fyrir því að verkefni á frumstigi hafi mögulega ekki öll viðbótargögn tilbúin. Það mun ekki teljast umsækjanda til ódráttar í valferlinu. Það sem skiptir mestu máli er að hægt sé að ljúka verkefninu innan starfsdvalarinnar og að það sé tilbúið til sýningar og ferðalaga án frekari vinnslu.

Ófullnægjandi umsóknir verða ekki teknar til greina. Teymi *Creative Peripheries* áskilur sér rétt til að hafa samband við umsækjendur meðan á valferlinu stendur til að óska eftir frekari upplýsingum eða skýringum.

## Hafa samband



+354 527 2100



[gigja@tjarnarbio.is](mailto:gigja@tjarnarbio.is)



## Fyrirvari

### EN

Funded by the European Union. Views and opinions expressed are however those of the author(s) only and do not necessarily reflect those of the European Union or the European Education and Culture Executive Agency (EACEA). Neither the European Union nor EACEA can be held responsible for them.

### IS

Fjármagnað af Evrópusambandinu. Sjónarmið og skoðanir sem hér koma fram eru þó eingöngu á ábyrgð höfundar/höfunda og endurspeгла ekki endilega sjónarmið Evrópusambandsins eða Framkvæmdastofnunar Evrópu um mennta- og menningarmál (EACEA). Hvorki Evrópusambandið né EACEA bera ábyrgð á þeim.

(Þetta er þýðing á íslensku. Ef misræmi eða vafi kemur upp gildir enska frumútgáfan.)



**Samfjármagnað af  
Evrópusambandinu**

## Persónuvernd

Í tengslum við verkefnið Creative Peripheries (frá 1. mars 2026 til 1. apríl 2028), og í samræmi við kröfur sem gilda um verkefni sem eru fjármögnuð af Evrópusambandinu, verða umsóknir sem berast í tengslum við þetta útkall varðveittar í fimm ár eftir lok verkefnisins, það er til 1. apríl 2033.

Persónuupplýsingar sem safnað er verða unnar í samræmi við GDPR (General Data Protection Regulation).

Samkvæmt gildandi lögum hefur þú rétt á aðgangi að, leiðréttingu og eyðingu persónuupplýsinga þinna.

Ef þú hefur spurningar eða beiðnir varðandi gögnin þín geturðu haft samband við okkur á eftirfarandi netfang: [info@creativeperipheries.com](mailto:info@creativeperipheries.com)